

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Reykjavík 3. desember 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar.

Neytendasamtökin eru sammála frumvarpinu í aðalatriðum en gera eftirfarandi athugasemdir:


Í 2. gr. er gert ráð fyrir að starfræktur verði viðamikill gagnagrunnur með ærnum tilkostnaði. Kostnaður af gagnagrunninum lendir að lokum á neytendum og hafa Neytendasamtökin um það efasemdir hvort nauðsyn slíks gagnagrunns eins og þeim sem um er fjallað í 2. gr. Leigibifreiðastjórar eru um 700 á landinu og starfsemi þeirra á afmörkuðu sviði þannig að ekki verður séð að nauðsyn sé á að koma á eða viðhalda flóknum og dýrum gagnagrunni. Neytendasamtökin telja að nauðsynlegar upplýsingar megi færa með einföldum hætti þannig að öryggi og nauðsynlegu eftirliti verði uppi haldið um þessa starfsemi.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að allir bifreiðastjórar á takmörkunarsvæði sbr. 8.gr. hafi afgreiðslu á bifreiðastöðvum. Neytendasamtökin telja það ekki eðlilegt að slík umgjörð skuli sett um sjálfstæða atvinnurekendur að þeir þurfi að vera með starfsemi sína á bifreiðastöð ef að öðrum skilyrðum er fullnægt og fjöldi leyfa nægjanlegur þannig að nægjanlegur fjöldi bifreiða er jafnan til reiðu á bifreiðastöðvum.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir takmörkun á fjölda leigubifreiða. Neytendasamtökin telja það brot á þeim almennu samkeppnisreglum sem gilda að takmarka með þessum hætti fjölda leigubifreiða eða útgefna leyfa til leiguaksturs. Þarna er um atvinnustarfsemi að ræða þar sem ríkisvaldið þarf að fylgjast vel með öryggisreglum og hæfi viðkomandi leyfishafa en varðar ekki um hvort það eru 700 eða 1000 eða enn þá fleiri sem stunda þessa atvinnugrein frekar en aðra leyfisbundna atvinnu.

Neytendasamtökin telja eðlilegt miðað við reynslu nágrannaþjóðanna að stjórnvöld ákveði viðmiðunargjald fyrir leigubifreiðar allavega á ákveðnum leiðum. Ástæða þess er að fjöldi viðskiptavina leigubifreiðastjóra eru aðilar sem ekki hafa tök á að fylgjast með hvað er eðlileg gjaldtaka fyrir leiguakstur t.d. útlendingar. Þá hefur reynsla nágrannaþjóða okkar af því að hafa enga viðmiðunartaxta ekki verið góð fyrir neytendur.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður